


Grasaættin frá Kálfafellskoti í Fljótshverfi

Bókin GRASAÆTTIN fjallar um skafftellingana Þórunni Gísladóttur grasakonu og Filippus Stefáns-son silfursmið frá Kálfafellskoti í Fljótshverfi og afkomendur þeirra (um 1100). Hálf bókin er nýstárlegt niðjatal en hin helftin saga þeirra hjóna og næstu afkomenda þeirra. Vesturskafftellingum skal sérstaklega bent á að nokkuð ýtarlega er fjallað um sögu héraðsins á 19. öld og fram á þá tuttugustu. Ritstjóri er Franz Gíslason. Bókin kostar kr. 7.900.- og hana má panta hjá:

Astu Gunnarsdóttur, aag@simnet.is s. 587 4587 og 694 4094 og Franz Gíslasyni, franz@mmedia.is s. 561 2927



Brimströndin – hljómdiskur Söngfélags Skafftellinga

Síðastliðið vor kom út hljómdiskurinn "Brimströndin". Á diskinum eru 28 lög tekin upp á tónleikum Söngfélagsins á um 20 ára tímabili. Margir hafa komið að útgáfunni og hefur Hreinn Valdimarsson hljóðritað vortónleika kórsins til margra ára og hefur ásamt kórstjóranum, Violetu Smid aðstoðað við lagaval. Eina söngvarar eru Alda Ingibergsdóttir, Ármann Óskar Sigurðsson og Stefán Bjarnason. Undirleikarar eru Pavel Smid, Krystyna Cortes, Richard Simm og Þorvaldur Björnsson. Diskurinn kostar 1.700 kr. og er til sölu hjá:

Arnborgu Benediktsdóttur, s. 891 8202
Jóni Hrafn Guðjónssyni, s. 863 5001
Margréti Torfadóttur, s. 896 9396



Stjórn félagsins 2005 – 2006

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	844 3404
Fanney Magnúsdóttir		820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354
Varastjórn		
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	534 2420	824 0059
Rafn Stefánsson	568 3623	

Skafftellingafélagið í Reykjavík
óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra
gleðilegra jóla, árs og fríðar.

Skafftellingabúð

Útleiga Skafftellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur, s. 863 2087 og Skúla Oddssonar s. 864 3415.

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: skafftellingar@simnet.is

Fréttabréf

Skafftellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

4. tbl. desember 2005

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• Aðventustund

11. desember 2005
kl. 16



• Gilsbakkaþula

sr. Kolbeins
Þorsteinssonar



• Spilakvöld

11. janúar 2006
25. janúar 2006
8. febrúar 2006
22. febrúar 2006



• Þorralót Skafftellinga

21. janúar 2006



• Íslandsmeistar- mót í Hornafjarðar- manna

27. janúar 2006



• Þorralót Hornfirðinga

28. janúar 2006



• Skálm

Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Aðventustund

Skafftellingafélagið og Söngfélag Skafftellinga
standa fyrir aðventustund

sunnudaginn 11. desember 2005

í Skafftellingabúð, Laugavegi 178
og hefst samkoman kl. 16:00.

Söngfélag Skafftellinga
flytur jólasöngva

Upplstur

Gengið verður kringum jólatré



Kaffiveitingar

Aðgangur kr. 750 fyrir fullorðna
(Fritt fyrir 17 ára og yngri)

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skafftellingafélagið standa fyrir sameiginlegum spilakvöldum eftir áramótin. Spiluð verður framsóknarvist í Skafftellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:15:

11. jan. – 25. jan. – 8. feb. – 22. feb.
Kaffiveitingar. Verð kr. 700.

Þorrablót Skafftellinga

Laugardaginn 21. janúar 2006 er áformað að halda þorrablót Skafftellingafélagsins. Fyrirkomulag verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Þorrablót Hornfirðinga

Að öllum líkindum verður Þorrablót Hornfirðinga haldið laugardaginn 28. janúar 2006.

Íslandsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna

Undankeppni verður haldin í Skafftellingabúð, Laugavegi 178, föstudagskvöldið 27. janúar 2006, kl. 20. Spilað verður til úrslita á þorrablót Hornfirðinga kvöldið eftir.



auglýsa íbúðir

Túngata á Kirkjubæjarklaustri

Til sölu er búseturéttur í nýlegri 3ja herbergja íbúð um 90 fm. íbúðin er í parhúsi við Túngötu á Kirkjubæjarklaustri og fylgir um 13 fm. garðskáli. Íbúðin getur verið til afhendingar strax.

Þeir sem hafa áhuga á að vita meira eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552 5644 milli kl. 9-15.

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**

Skorað er enn og aftur á hressa og spræka Skafftellinga að reima á sig skóna og ánetjast þessum ágætu gönguferðum í félagsskap Skafftellinga. Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 10.12: Mosfellsbær – v/Pverholt
- 14.12: Miðbær Reykjavíkur – Miðbakkir
- 17.12: Heiðmörk – Furulundur
- 21.12: Hafnarfjörður – sundhöll v/Herjólfsgötu



Jólaskálm eftir þörfum.

- 4.1: Hafnarfjörður – Kaplatriki
- 7.1: Garðabær – sundlaug
- 11.1: Ægisíða – Vesturbæjarlaug
- 14.1: Grafarvogur – sundlaug
- 18.1: Kópavogur – Fifan ípróttahús
- 21.1: Arnarnes – sundlaug Garðabæjar
- 25.1: Árbæjarlaug
- 28.1: Grafarvogur – Egilshöll
- 1.2: Hafnarfjörður – v/kirkjugarð
- 4.2: Mosfellsbær – Álafoss
- 8.2: Laugardalur – sundlaug
- 11.2: Heiðmörk–Furulundur
- 15.2: Nauthöll

Skálmum og skálmum!



Gilbakkapula sr. Kolbeins Þorsteinssonar (1731-1783) prests í Miðdal

Kátt er á jólonum, koma þau senn,
- þá munu upp líta Gilbakkamenn,
upp munu þeir líta og undra það mest,
úti sjái' þeir stúlku og blesóttan hest,
úti sjái' þeir stúlku, sem um talað varð:
"Það sé ég hér riður hún Guðrún mín um garð,
það sé ég hér riður hún Guðrún mín heim."
Út kemur hann góði Þórður einn með þeim,
út kemur hann góði Þórður allra fyrst,
hann hefur fyrri Guðrúna kysst
hann hefur fyrri gefið henni brauð
- tekur hana af baki, svo tapar hún nauð,
tekur hana af baki og ber hana inn í bæ.
"Kom þú sæl og blessuð" segir hann æ.
"Kom þú sæl og blessuð, keifaðu inn,
kannski þú sjáir hann afa þinn,
kannski þú sjáir hann afa og ömmu þína hjá,
þínar fjórar systur og bræðurna þrjá,
þínar fjórar systur fagna þér best;
af skal ég spretta og föðra þinn hest,
af skal ég spretta reiðtyggjum þin;
leiðið þér inn stúlkuna, Sigríður mín,
leiðið þér inn stúlkuna og setjið hana í sess"
"Já" segir Sigríður, "fús er ég til þess;"
"Já" segir Sigríður - kysir hún fljóð -
"rektu þig ekki í veggina, systir mín góð,
rektu þig ekki í veggina, gakkstu með mér."
Koma þær inn að húsdryum og sæmilega fer;
koma þær inn að húsdryum og tala ekki orð.
- þar situr fólkið við tedrykkjuborð,
þar situr fólkið og drekkur svo glatt,
fremst situr hann afi með parrukk og hatt,
fremst situr hann afi og ansar um sinn:
"Kom þú sæl, dóttir mín, velkomin inn,
kom þú sæl, dóttir mín, sittu hjá mér,
- nú er uppi teið og bagalega fer,
nú er uppi teið, en ráð er við því,
ég skal láta hita það aftur á ný,
ég skal láta helst vegna þin,
- heilsaðu öllu fólkinu, kindin mín.
heilsaðu öllu fólkinu og gerðu það rétt."
Kysir hún á hönd sína og þá er hún nett,
kysir hún á hönd sína og heilsar án móðs;
allir í húsinu óska henni góðs,
allir í húsinu þegar í stað
taka til að gleðja hana, satt er það,
taka til að gleðja hana, ganga svo inn.
Guðný og Rósa með tektilinn,
Guðný og Rósa með glóðarker.
Ansar hann afi: "Nú líkar mér;"
ansar hann afi við yngri Jón þá:
"Taktu ofan bollana og skenktu þar á,
taktu ofan bollana og gáðu að því,



sparaðu ekki sykrið að hneppa þar í,
sparaðu ekki sykrið því það hef ég til,
allt vil ég gera Guðrúnu í vil,
allt vil ég gera fyrir það fljóð;
langar þig í sýrópið, dóttir mín góð?
langar þig í sýrópið?" afi kvað.
"Æi ja ja, dáindi þykir mér það.
Æi ja ja, dáindi þykir mér te."
"Má ég bjóða þér mjólkina?" - "Meira en svo sé."
"Má ég bjóða þér mjólkina?" Bið þú þá við.
Sæktu fram rjóma í trogshornið,
sæktu fram rjóma, Vilborg, fyrst,
- vertu ekki lengi, því stúlkann er þyrst,
vertu ekki lengi, því nú liggur á."
Jón fer að skenkja á bollana þá,
Jón fer að skenkja, ekki er það spé,
sírópið, mjólkina, sykur og te,
sírópið, mjólkina, sýpur hún á;
sætt mun það vera. "Smakkið þið á."
Sætt mun það vera, sýpur hún af lyst,
þangað til ketillinn allt hefur misst,
þangað til ketillinn þurr er í grunn,
þakkar hún fyrir með hendi og munn,
þakkar hún fyrir og þykist nú hress.
"Sittu nokkuð lengur til samlætis.
sittu nokkuð lengur, sú er mín bón"
Kallar hann afi á eldra Jón,
kallar hann afi: "Kom þú til mín,
- sæktu ofan í kjallara messuvín,
sæktu ofan í kjallara messuvín og mjöð,
ég ætla að veita henni, svo hún verði glöð,
ég ætla að veita henni vel um stund."
Brátt kemur Jón á föður síns fund,
brátt kemur Jón með brennivinsglas,
þrífur hann staupið, þó það sé mas,
þrífur hann staupið og steypir þar á;
til er henni drukkið og teygjar hún þá,
til er henni drukkið ymislegt öl,
glösin og skálarnar skerða hennar böi,
glösin og skálarnar ganga um kring,
gaman er að koma á svoddan þing,
- gaman er að koma þar Guðný ber
ljósið í húsið, þá húmið að fer.
Ljósið í húsið logar svo glatt,
amma gefur brauðið, og er það satt,
amma gefur brauðið og ostinn við;
Margrét er að skemmta að söngvara sið,
Margrét er að skemmta, það er henni sýnt,
- þá kemur Markús og dansar svo fint,
þá kemur Markús í máldrykkjulok,
leikur hann fyrir með latinusprok,
leikur hann fyrir með lystugt þel
- Ljóðin eru þrotin og lifið þið vel.